

3. fundur atvinnumálanefndar, kjörtímabilið 2014 - 2018, haldinn þann 25. nóvember 2014, kl. 19:00, í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli.

Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.

Á fundinn mættu: Þorsteinn M. Kristinsson (formaður), Þuríður Benediktsdóttir (varaformaður), Auður Eyþórsdóttir (ritari), Sveinn Hreiðar Jensson og Gunnar Pétur Sigmarsson, ásamt Eygló Kristjánsdóttur sveitarstjóra.

Auður Eyþórsdóttir ritar fundargerð

Dagskrá:

1) Fjárhagsáætlun 2015.

Liður atvinnumála í fjárhagsáætlun kynntur af Eygló Kristjánsdóttur, sveitarstjóra.

Nefndin óskar eftir sérstökum fundarkostnaði að upphæð 50.000 kr.

Atvinnumálanefnd óskar eftir að liðurinn átaksverkefni haldi sér og að veitt verði 300.000 kr í liðinn til verkefna sem stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.

Á árinu 2015 eru áform um greiningu og kortlagningu á framtíðarstörfum í sveitarfélaginu.

Sveinn Hreiðar Jensson og Þuríður Benediktsdóttir viku af fundi við lið 1305 (Friður og frumkraftar í Skaftárhreppi) vegna stjórnarsetu, í drögum að fjárhagsáætlun.

Nefndin óskar eftir að kannað verði með leigutekjur vegna sæluhúsa og fjallakofa.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við aðra liði.

2) Staða áforma um íbúðabyggingar.

Staða mála kynnt og rædd.

3) Kortlagning á framtíðarstörfum.

Atvinnumálanefnd stefnir á að kortleggja atvinnulíf í sveitarfélaginu og gera það sýnilegra fyrir umheiminn, með það að markmiði að laða fólk til sveitarfélagsins.

Jafnframt að koma á fót starfatorgi, þar sem á einum stað eru auglýsingar og upplýsingar um laus störf og verkefni hjá fyrirtækjum og stofnunum innan sveitarfélagsins.

4) Önnur mál.

a) Niðurskurður á starfshlutfalli starfsmanns Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins á Kirkjubæjarklaustri.

Atvinnumálanefnd vill koma á framfæri óánægju sinni með niðurskurð starfshlutfallsins með eftirfarandi ályktun:

„Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps vill koma á framfæri óánægju sinni með niðurskurð á starfi á vegum Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins (RML) á Kirkjubæjarklaustri, úr 75% starfi í 50%. Þar sem nýliðun í landbúnaði er talsverð í Skaftárhreppi, skýtur það skökku við að á sama tíma sé verið að skera niður þjónustu við bændur með þessu móti. Hvert starf í sveitarfélaginu skiptir miklu máli og fer atvinnumálanefnd Skaftárhrepps því fram á það við RML að hún endurskoði ákvörðun sína og tryggi þetta starf og með því þessa nauðsynlegu þjónustu við bændur“.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:30.

Þorsteinn M. Kristinsson

Þuríður Benediktsd

Auður Eypórsdóttir

Sveinn Hreiðar Jensson

Gunnar Pétur Sigmarsson